



Tilvísun 2006083/14.1.9

Verlagsreglur vetrarþjónustu

Umsjón

Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð Fjarðabyggðar hefur umsjón með snjómokstri og hálkuvörnum á götum og gangstéttum í þéttbýliskjörnum.

Vetrarþjónustan

Þjónustan miðar að því að halda opnum helstu stofn- og tengibrautum, strætisvagnaleiðum og aðgengi að neyðarþjónustu eins og kostur er. Í þeim tilvikum sem veðurúlit er slæmt, verða gefnar út tilkynningar á Facebook síðu og á vef Fjarðabyggðar um hvenær megi búast við opnum gatna og stíga. Snjómokstur fer ekki fram milli 16:00 og 05:00. Verkkaupi getur ákveðið að hefja þjónustuna síðar þegar snjómagn er lítið. Þjónustan er ekki í boði á meðan óveður gengur yfir.

Þjónustuflokkar fyrir snjómokstur gönguleiða

1. Þjónustuflokkur

Stofnstígar (rauðir) – leiðir milli hverfa og að skólum og helstu stofnunum.

Stofnstígar, s.s. göngu- og hjólastígar milli hverfa fá forgang í hreinsun og þegar hreinsun þeirra er lokið eru hreinsaðar helstu leiðir sem liggja að skólum, leikskólum, strætisvagnabiðstöðvum og helstu stofnunum þéttbýliskjarna.

2. Þjónustuflokkur

Stofn- og tengistígar (gulir)

Liggja um hverfi og eru þjónustaðir eftir að mokstri lýkur í Þjónustuflokki 1, þegar veður og aðstæður eru góðar.

3. Þjónustuflokkur

Tengistígar og aðrir stígar (grænir)

Liggja um fáfarin hverfi og utan byggðarkjarna og eru einungis þjónustaðir þegar langtíma veðurúlit er gott.

Til að draga úr hálku á helstu gönguleiðum er notast við saltblandað malarefní. Leitast er við að nota efnið í eins litlu magni og mögulegt er.

Sjá til skýringar yfirlitsmyndir af stígum í Fjarðabyggð eftir þjónustuflokkum.

Þjónustuflokkar fyrir snjómokstur gatna:

1. Þjónustuflokkur (rauðar götur)

Allar stofnbrautir og helstu tengibrautir að neyðarþjónustu og stofnbrautir í umsjón Vegagerðar. Þær götur sem njóta forgangs í snjómokstri eru stofnbrautir, helstu tengibrautir m.a. að neyðarþjónustu, strætisvagnaleiðum og fjölförnum safngötum.

2. Þjónustuflokkur (gular götur)

Aðrar tengibrautir og safngötur, með minni umferð, eru þjónustaðir þegar mokstri lýkur í þjónustuflokki 1.

3. Þjónustuflokkur (grænar götur)

Húsagötur og fáfarnar safngötur eru ekki mokaðar nema þær séu þungfærar einkabílum eða stefni í að þær verði þungfærar og ef von er á hláku.

Sjá til skýringar yfirlitsmyndir af götum í Fjarðabyggð eftir þjónustuflokkum

Þau svæði gatna sem eru hálkuvarin í bænum eru fyrst og fremst erfiðar brekkur og gatnamót. Við hálkuvarnir gatna er að jafnaði notast við saltblandað malarefní.

Þjónustuflokkar í hálkuvörnum gatna

1. Heilstu brekkur og gatnamót á stofnbrautum, tengibrautum og safngötum
2. Brekkur og gatnamót í húsagötum

Nánar um húsagötur og fáfarnari safngötur

Húsagötur eru aðeins hreinsaðar ef þær eru þungfærar einkabílum.

Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð Fjarðabyggðar hreinsar snjó almennt frá innkeyrslum. Við snjóhreinsun gatna er þó líklegt að snjóruðningur eða -kögglar geti orðið eftir við innkeyrslur sem ekki næst að hreinsa og þurfa íbúar að sjá um þá hreinsun sjálfir.

Þau svæði gatna sem eru hálkuvarin í þéttbýliskjörnum eru fyrst og fremst erfiðar brekkur og gatnamót. Við hálkuvarnir gatna er notast við salt og saltblandaðan sand.

Pegar aðstæður krefjast er notast við salt á stofn- og tengibrautir en saltblandaðan sand á húsagötur. Mögulega getur þurft að dreifa hálkuvarnarefní á allar húsagötur.

Fjarðabyggð 22. október 2020

Jón Björn Hákonarson

bæjarstjóri

